

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Efra-Langholt, L166738.

Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem hver um sig er 1 ha. Heimilt er að byggja á hverri lóð sumarhús og gestahús, geymslu og gróðurhús allt að 40 fm. Hámarksnýtingarhlutfall á lóðum er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. mars 2022.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.